

Mánudaginn 8. október 2018, kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.
Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 16:15

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Þóra M. Lúthersdóttir, Jóhann Hólmar Ragnarsson, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Kristín Jóna Sigurðardóttir og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður nefndarinnar setti fundinn engin formleg dagskrá lá fyrir fundinum.

2. Bréf sem borist hafa:

- a. Bréf barst frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dagsett 21. september 2018.
 - i. Með bréfinu gerir ráðuneytið athugasemdir við umbótaáætlun Húnavallaskóla.
 1. Skólastjóri mun svara erindinu.

3. Heimasíða:

- a. Ný heimasíða hefur verið gerð fyrir Húnavallaskóla og er þegar búið að virkja hana.

4. Fjárhagsáætlun ársins 2019:

- a. Nefndarmenn ræddu fjárhagsáætlun ársins 2019.
 - i. Mun nefndin fjalla betur um hana á næsta fundi nefndarinnar.

5. Haustþing leikskóla á Norðurlandi vestra:

- a. Föstudaginn 5. október síðastliðinn var haustþing leikskóla á Norðurlandi vestra haldið í Húnavallaskóla. Þingið sóttu 110 starfsmenn leikskólanna og var boðið upp á fyrirlestra og málstofur. Aðalfyrirlestur dagsins var „Hvernig sköpum við sterka liðsheild“ og voru það þau Anna Steinsen og Jón Halldórsson frá KVAN sem fluttu hann.

Megininntak fyrirlestursins var að skoða hvernig hópar eru drifnir áfram af ákveðinni menningu sem skapast hefur innan hópsins. Hvað er það sem skapar þessa menningu? Hvernig getum við fundið út hverjir eru leiðtogarnir í hópnum? Eru leiðtogarnir jákvæðir eða neikvæðir og hvernig getum við sett

SBH
JHR
EG.
KFB
PML
BFA
R

markmið hópsins fram á þann hátt að allir séu tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að ná árangri? (KVAN).

Eftir hádegi voru málstofur en meðal annars kynnti Fjóla Þorvaldsdóttir leikskólasérkennari hugmyndir um hvernig hægt er að vinna með spjaldtölvur í skólastarfinu. Sigrún Líndal iðjuþjálfari og PMT ráðgjafi var með fyrirlesturinn „Aðferðir við að ná fram góðri samvinnu við börn.“ Þórunn Ragnarsdóttir leikskólakennari og Snædís Scheving Aðalbjörnsdóttir þroskaþjálfari, leikskólanum Vallabóli kynntu verkefni sem Þórunn hefur búið til og tengjast málörvun og stærðfræði. Fólki gafst kostur á að skoða leikskólann, kynna sér áðurnefnd verkefni og taka þátt í starfstengdum umræðuhópum.


Að þingi loknu áttu gestir notalega samverustund sem endaði á ljómandi góðum kvöldverði


6. Önnur mál:

- a. Nefndarmenn ræddu um að nýta þá auðlind sem felst í íbúum sveitarfélagsins á öllum aldri.
- b. Árshátíð skólans verður 30. nóvember næst komandi.
 - i. Guðjón Sigvaldason, verður leikstjórinn.
- c. Spurt var um gæslu.
 - i. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni og taldi þörf á aukinni gæslu í löngu frímínútum.


Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 16:40



Brynjólfur Friðriksson


Þóra M. Lúthersdóttir


Jóhann Hólmur Ragnarsson


Erla Gunnarsdóttir


Sigríður Aadnegard


Kristín Jóna Sigurðardóttir


Einar Kristján Jónsson